

## Hugleiðingar og ábendingar til foreldra

Börn skilja oft meira en fullorðnir gera sér grein fyrir. Fullorðnir þurfa því að passa hvað þeir segja og gera þegar börn eru nærri.

□

Börn eiga ekki að horfa upp á kynlíf foreldra sinna.

□

Börn fanga eru í aukinni hættu á að lenda í fangelsi. Hægt er að draga verulega úr því með uppbyggilegum uppeldisaðferðum og stuðningi

□

**Hægt er að leita stuðnings hjá eftirtöldum aðilum:**

Félagsráðgjöfum Fangelsismálastofnunar

S: 520-5000

Þjónustumiðstöðvum og barnavernd Reykjavíkur

s: 411-1111

Félagsþjónustum og barnaverndum á  
landsbyggðinni

## Raddir barna

*Foreldrum ber að hlusta á börn sín og haga málum alltaf þannig að það sé börnunum fyrir bestu*

*Foreldrar sem eru góðar fyrirmyndir, leiðbeina börnum sínum, hvetja þau og styðja, geta haft mikil og jákvæð áhrif á sjálfsmynd barnanna*

*Foreldrum ber að vernda börn sín gegn hvers konar ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.*

*Foreldrar eru mikilvægustu manneskjurnar í lífi hvers barns og þess vegna skiptir svo miklu máli að þeir hugsi vel um börnin sín og fái hjálp til að sinna þeim þegar þess er þörf*

[www.barn.is](http://www.barn.is)

FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS 2013


AUSTURSTRÖND 5

170 SELTJARNARNESI

S: 520-5000



## HEIMSÓKNIR BARNA Í FANGELSI



Upplýsingar fyrir foreldra

## Reglur um heimsóknir barna í fangelsi

---

Fangar geta fengið börn sín í heimsókn á heimsóknartímum fangelsanna.

Áður en barn hemur í heimsókn í fangelsi þarf **alltaf** að liggja fyrir forsjárvottorð sem sýnir hver fer með forsjá barnsins. Hægt er að nálgast það hjá Þjóðskrá Íslands s: 515-5300.

Heimsóknir **barna** skulu **alltaf** fara fram í fylgd forráðamanns eða annars aðstandanda.

Þó er heimilt að leyfa barni sem náð hefur **16 ára** aldri að heimsækja **náinn ættingja** án fylgdar enda liggja fyrir **samþykki** forráðamanns og slík heimsókn verður ekki talin andstæð hagsmunum barnsins.

Ef foreldrar fara saman með forsjá barns þarf skriflegt samþykki þeirra **beggja** fyrir heimsókn.

Mikilvægt er að foreldrar eða aðrir sem koma með börnin í heimsókn séu meðvitaðir um ábyrgð sína og skyldur.

## Lokuð fangelsi

---

Akureyri, Hólmsheiði og Litla-Hraun eru lokuð fangelsi. Í því felst að heimsóknir fara fram í sérstökum heimsóknarherbergjum fangelsanna og eftirlit er haft með þeim.

Á Hólmsheiði og Litla-Hrauni er hægt að láta heimsóknir fara fram þannig að fangi og gestur tali saman í gegnum gler.

Börn líkt og aðrir gestir mega búast við því að leitað verði á þeim fyrir heimsókn t.d. í vösum, töskum og á fleiri stöðum. Stundum er hundur hafður við slíka leit. Gott er að búa börnin undir þetta áður en heimsóknin fer fram.



Sá sem heimsækir fanga getur óskað eftir því að fangavörður verði viðstaddur heimsóknina.

## Opin fangelsi

---

Kvíabryggja og Sogn eru opin fangelsi. Í því felst að ekki eru sérstök heimsóknarherbergi í fangelsunum heldur mega fangar vera með börnum sínum á öllu fangelsissvæðinu.

Það er skylda foreldra að passa vel upp á börnin og **mega þeir aldrei skilja við þau** á meðan heimsókn stendur. Athugið að á Kvíabryggju og Sogni geta verið fangar sem dæmdir hafa verið fyrir **kynferðisbrot gegn börnum**.

Ef barn er látið vera eftirlitslaust í heimsókn getur fangavörður ákveðið að stoppa heimsóknina.